

anna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 30. septembermán.

Nr. 26/1889

M. Johannessen  
gegn

O. J. Haldorsen

D ó m u r :

Þegar aðaláfrýjandinn, kaupmaður Matthias Johannessen, í fyrra sumar fór hjedan af landi til Noregs, fól hann gagnáfrýjandanum, timburmanni O. J. Haldorsen, á hendur að halda áfram og ljúka við viðgjörð á pilskipinu «Vonin», eign Johannessens, sem þá var á Reykjavíkurhöfn, og þegar hann kom aptur úr Noregsförinni um miðjan septembermánuð f. á., fól hann einnig Haldorsen á hendur að fara með skipið af höfninni inn í Eiddstjörn og leggja það þar upp til vetrarlegu. Hinn 19. sept. f. á. lagði Haldorsen með skipið inn eptir, en daginn eptir strandaði það norðanvert við Geldinganes; gekk stefndi og skipverjar þar af því, en það fór í spón; leifar skipsins eða brotin úr því voru hinn 29. okt. næst á eptir virt af dómkvöddum mönnum á 80 kr. Þessar ófarir álitur aðaláfrýjandi að hafi verið að kenna handvömm Haldorsens, og að hann eigi að bæta sjer tjón það, er leitt hafi af strandi skipsins. Hann höfðaði því mál á móti Haldorsen fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, og fór því fram, að hann yrði dæmdur til að greiða sjer andvirði skipsins, er hann taldi 3000 kr., að frádregnum ofanrituðum 80 kr., eða alls 2920 kr., auk málskostnaðar. — Á hinn bóginn

gagnsótti Haldorsen Johannessen fyrir bæjarþingsrjettinum, og jafnframt og hann krafðist sýknunar í aðalsökinni, gjörði hann þær gagnkröfur, að Johannessen yrði dæmdur til að greiða sjer ýmsar skulda- og skaðabótaupphæðir, samtals 25000 kr., og að auki málskostnað og kost og tæringu. Um þessar gagnsóknarkröfur Haldorsens gekk þó eigi dómur í hjeraði, með því að skjöl þau, er málssóknin átti að styðjast við, að álitu undirdómarans, voru svo óljós, ólæsileg og óskiljanleg að enginn dómur varð á þeim byggður. Þó var aðalstefnandi dæmdur til að greiða gagnstefnanda 524 kr. 11 a, með 5<sup>o</sup>/<sub>o</sub> vöxtum frá sáttakærudegi, upp í skulda-kröfuna, en aðalstefnandi hafði sjálfur undir rekstri málsins kannast við rjettmæti kröfunnar, að því er þessa upphæð snertir. Á hinn bóginn var O. J. Haldorsen með bæjarþingsdóminum, sem upp var kveðinn 28. marz þ. á., sýknaður fyrir kröfum Johannessens um skaðabætur fyrir skiptjónið, og málskostnaður var látinn falla niður bæði í aðalsökinni og gagnsökinni. Þessum bæjarþingsdómi hefur kaupmaður M. Johannessen skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 13. aprílmán. þ. á., og gjört þær kröfur hjer fyrir rjettinum, að O. Haldorsen verði dæmdur til að greiða sjer 2920 kr. fyrir skipið «Vonina», principaliter *pure*, en in subsidium svo framarlega aðaláfrýjandi vinnur eið að því, að skipið hafi verið honum 3000 kr. virði þegar O. Haldorsen lagði á stað með það af Reykjavíkurböfn 19. sept. f. á., og að hann, hvernig sem fer, verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum með 150 kr. — Á hinn bóginn hefur O. J. Haldorsen gagnáfrýjað málinu með stefnu, út gefinni 2. maímán. þ. á., og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður í

aðalmálinu fyrir skaðabótakröfum Johannessens, en að Johannessen verði í gagnsóknarmálinu dæmdur eptir kröfum sínum fyrir undirrettinum, og hefur hann tengt nokkrar varakröfur við þessa aðalkröfu, þar á meðal sem ýtrustu varakröfu, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og hvernig sem fer heimtar hann sjer til-dæmdan málskostnað fyrir báðum dómum.

Þó að eigi sje ástæða til þess að vísa gagnsökinni frá yfirdómi eptir kröfu aðaláfrýjanda fyrir þá skuld, að hjeradsrjettardómsgjörðir voru eigi fram lagðar af hálfu gagnáfrýjanda um leið og áfrýjunarstefna hans — en þær voru lagðar fram síðar undir rekstri málsins, — þá verður þó eigi hjá því komizt að vísa gagnkröfunum frá yfirdómi af þeirri ástæðu, að undirdómurinn hefur eigi látið dóm ganga um þær. — Þarsem undirdómurinn hefur dæmt aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 524 kr. 11 a. með 5% vöxtum frá sáttakæru-degi, þá hefur aðaláfrýjandi eigi sjerstaklega krafizt þess, að þessu ákvæði dómsins verði breytt, enda hefur hann viðurkennt rjettmæti þessarar kröfu-upphæðar undir rekstri málsins fyrir bæjarþinginu. Það verður því að staðfesta ákvæði dómsins um tjeðar 524 kr. 11 a.aura.

Að því er aðalmálið snertir, um skaðabótakröfu aðaláfrýjanda fyrir það, að skip hans «Vonin» fór í strand og brotnaði í spón, þá hefur gagnáfrýjandi hald-ið því fram, að hann hafi eigi tekið uppá sig neina skuldbindingu að ábyrgjast skipið á leiðinni frá Reykja-vík inn í Eiðstjörn, og eigi hafi hann með framferði sínu bakað sjer slíka ábyrgð, enda hafi það verið ýms atvik, honum óviðráðanleg, er ollu því, að skipið fórst á leiðinni, sjerstaklega óveður, hafi veðrið vesnað mjög,

eptir að hann lagði á stað með skipið, og hafi verið kominn ofsastormur, um það bil að skipið strandaði; svo hafi útbúnaður skipsins að köðlum og seglum verið ljelegur, «spilið» ónýtt og mannafla lítill og ónógur, og verði sjer eigi kennt um neitt af þessu, heldur aðaláfrýjanda sjálfum. — Það er að vísu svo, að gagnáfrýjandi hefur eigi með neinum beinum samningi, skriflegum eða munnlegum, tekið að sjer að ábyrgjast skipið á leiðinni frá Reykjavík inn í Eiðstjörn, en þar sem hann tókst á hendur að flytja það þangað — en það má álíta sannað í málinu, að hann hafi verið forgöngumaður í flutningnum — þannig útbúið að seglum, köðlum o. s. frv., eins og það var, og um útbúning þess allan hlaut honum að vera kunnugt, með því að hann hafði haft það undir aðgjörð mikinn hluta sumarsins á undan flutningnum, en ljelegur útbúningur á skipinu og skortur á nægum mannafla hefur, eptir því sem fram er komið í málinu, verið hin verulegasta orsök til strandsins, fremur en stormur og óveður, þá virðist hann, með því að leggja á stað með skipið þannig útbúið, hafa sýnt svo mikið fyrirhyggjuleysi og gáleysi, að hann geti eigi komizt hjá að ábyrgjast afleiðingarnar, og skal þess ennfremur getið hjer að lútandi, að það er ósannað, að aðaláfrýjandi hafi rekið gagnáfrýjanda á stað með skipið, því að orð þau, sem hermd eru eptir honum í þá átt, láta eigi frekara í ljósi, en ósk hans um að skipið yrði flutt sem fyrst; það var og, eptir skýrslum málsins, gagnáfrýjanda innanbandar og lagt á sjálfsvald, að fá mannafla og útbúning á skipið, eptir því sem þörf var á til flutningsins, en hann virðist, áður en hann lagði á stað með það, hafa álitid mannafla þann og útbúning, sem hann hafði, nægileg-

an til þess að koma því klakklaust inn í Eiddstjörn, og þar sem hann bæði var skipasmiður og sjómaður, en aðaláfrýjandi ekki, hafði aðaláfrýjandi ástæðu til þess að reiða sig á hann, að hann eigi rasaði um ráð fram með flutning á skipinu. Yfirdómurinn verður því að vera samdóma undirdómaranum um það, að gagnáfrýjandi hafi við flutning á skipinu sýnt forsjáleysi og skort á ráðdeild svo mjög, að hann verði að ábyrgjast aðaláfrýjanda afleiðingarnar.

Aðaláfrýjandi hefur talið skipið Vonina 3000 kr. virði, er það týndist, og því til sönnunar getið þess, að honum um það leyti hafi af tilgreindum manni verið boðið þetta verð fyrir skipið. Gegn mótmælum gagnáfrýjanda virðist þó eigi rjett að ákveða skadabæturnar eptir því verði, sem maður þessi tjáist hafa ætlað að gefa fyrir skipið, *ef samningur um kaupin hefði komið á*, úr því að samningurinn eigi var á kominnu, því að með þessu er eigi fengin sönnun fyrir verði skipsins, eins og það var, þar sem eigi var búið að fastákvæða um kaupin. Á hinn bóginn virðist mega ætla, að þeir menn sjeu til, er svo hafi verið kunnugir ástandi og útbúnaði skipsins, þegar gagnáfrýjandi lagði á stað með það frá Reykjavík inn í Eiddstjörn, að leggja megi undir mat þeirra, hvers virði skipið þá hafi verið. Yfirdómurinn álitur því rjett að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda sem skadabætur andvirði skipsins «Vonin», eins og verð skipsins var í september í fyrra, þegar gagnáfrýjandi lagði af stað með það, eptir mati 2 dómkvaddra, óvilhallra, skipasmiðafróðra manna, þó þannig, að virðingarupphæðin eigi fari fram úr 3000 kr., eptir kröfu aðaláfrýjanda. Þó verður að draga frá matsupphæðinni andvirði skipsleifanna, sem

virtar voru 80 kr., og má álíta, eptir þeim eiðfestu skýrslum, sem lagðar hafa verið fram fyrir yfirdóminn, að virðing þessi á leifunum sje fullhá, og að hún hefði eigi orðið hærrí, þó hún hefði fram farið þegar 2—3 dögum eptir að strandið skeði. Eptir þessum úrslitum málsins og málavöxtum yfir höfuð er rjett að allur kostnaður bæði í aðalmálinu og í gagnsóknarmálinu fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Gagnáfrýjandi, timburmaður Ole J. Haldorsen, greiði aðaláfrýjanda, kaupmanni M. Johannessen, verð fyrir þilskipið «Vonin», metið af 2 dómkvöddum, óvilhöllum og kunnugum mönnum, eptir því sem skipið var í september í fyrra, þá er það var flutt af Reykjavíkurböfn, þó svo, að matsverðið fari eigi fram úr 3000 kr., og að frádregnum framan umgetnum 80 kr.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 524 kr. 11 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Að öðru leyti vísast gagnkröfum gagnáfrýjanda frá dómi.

Málskostnaður í aðal- og gagnsökinni fyrir báðum dómum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.